



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 127/1937

komudagur 15.7.2002

Menntamálanefnd  
Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8 -10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. apríl 2001

## Umsögn um frumvarp til laga um Tækniháskóla Íslands, 649. mál.

Óskað hefur verið eftir umsögn Alþýðusambands Íslands um frumvarp til laga um Tækniháskóla Íslands, 649. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur um nokkurra missira skeið, eða frá miðju ári 1999, fjallað um málefni og framtíð Tækniskóla Íslands á vettvangi sambandsins og með viðræðum við aðila sem látið hafa sig sérstaklega varða málefni og framtíð skólans. Í þeirri vinnu hefur skapast ágætt samstarf á milli Alþýðusambandsins og Samtaka iðnaðarins ásamt fleiri aðilum um yfirtöku á rekstri skólans og frekari þróun hans á háskólastigi. Framangreindir aðilar hafa af þessu tilefni átt viðræður við menntamálaráðuneytið um að færa rekstur skólans á ábyrgð atvinnulífsins. Því miður hafa þessar tilraunir reynst árangurslausar.

Af hálfu ASÍ hefur í þessu starfi verið lögð sérstök áhersla á mikilvægi þess að varðveita ákveðin sérkenni Tækniskólans, sem voru ein af meginástæðum fyrir stofnun skólans á sínum tíma, um leið og skólinn og starfsemi hans yrði eflað enn frekar til að þjóna þörfum atvinnulífsins og þeirra sem þar starfa. Þessi sérkenni hafa einkum birst í tvennu:

- Tækniskólinn hefur laðað að námi fólk sem kemur með fjölbreytta menntun og reynslu úr atvinnulífinu og hann hefur lagt sig sérstaklega eftir að þjóna þörfum þessa hóps. Í þeim efnum hefur frumgreinadeild skólans gegn mikilvægu hlutverki.
- Tækniskólinn hefur leitast við að eiga gott samstarf við atvinnulífið og fyrirtækin og lagt sig eftir að mæta þörfum þeirra fyrir starfsmenn með trausta og góða tækni- og rekstarþekkingu.

Að mati Alþýðusambandsins hefur verið full samstaða með ASÍ og Samtökum iðnaðarins um þessar áherslur. Af þeim ástæðum hefur það jafnframt verið afstaða ASÍ að þessir aðilar ættu að sameinast um framtíðaruppbyggingu Tækniháskóla Íslands, sem jafnframt myndaði mikilvæga brú á milli menntunnar á framhaldsskólastigi og háskólanáms með rekstri öflugrar frumgreinadeildar. Þá hefur einnig verið litið til þess farsæla samstarfs sem þróast hefur innan TÍ um menntun í heilbrigðisgreinum, þar sem þessar tvær stoðir hafa í reynd styrkt hvora aðra.


Nýtt frumvarp um Tækniháskóla Íslands felur í sér sömu meginhugsun og drög að lögum um Tækniháskóla frá 1998. Þau drög urðu upphaflega tilefni til afskipta Alþýðusambands Íslands af málinu.

Í ljósi framanritaðs gagnrýnir ASÍ einkum eftirfarandi annmarkar sem það telur vera á frumvarpinu.

1. Tækniskóli Íslands er skóli fyrir atvinnulífið. Í samræmi við þetta sitja fulltrúar atvinnulífsins, fulltrúar launafólks og atvinnurekenda í núverandi stjórn Tækniskólans. Í 5. gr. frumvarps um Tækniháskóla er greint frá 6 manna háskólaráði. Það skýtur skökku við að ekki er gert ráð fyrir fulltrúum atvinnulífsins, hvorki fulltrúum launafólks eða atvinnurekenda, í háskólaráði. Með því eru útilokum bein áhrif atvinnulífsins á stjórn skólans. Slíkt skapar hættu á að skólinn einangrist frá atvinnulífinu sem koma mætti í veg fyrir með aðkomu fulltrúar atvinnulífsins, launafólks og atvinnurekenda, að stjórn skólans og þeirri stefnumótun sem þar fer fram.
2. Tækniskólinn hefur hingað til veitt iðnaðarmönnum og í vaxandi mæli á seinni árum öðrum sem koma úr atvinnulífinu framhaldsmenntun. Aðgengi þessara aðila að skólanum hefur verið tryggt með starfrækslu svokallaðrar frumgreinadeildar við skólann. Í frumvarpinu er ekkert kveðið á um núverandi frumgreinadeild eða með hvaða hætti þjónusta hennar verður leyst af hendi við stofnun Tækniháskólans. Í athugasemdum við frumvarpið segir aðeins: „Hins vegar er gert ráð fyrir áframhaldandi rekstri frumgreinadeildar við Tækniháskóla Íslands sem verði byggður á samningi milli háskólans og ráðuneytisins.“ Þessi málsgrein verður að teljast veikur grunnur til að tryggja þjónustu frumgreinadeildar.

Alþýðusamband Íslands er enn sem fyrr þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að hlúa að sérkennum Tækniskólans um leið og brýna nauðsyn beri til að efla verk- og tæknimenntun á Íslandi og að hún verði að vera í sterkum tengslum við atvinnulífið. Því er mikilvægt að lög um Tækniháskóla feli í sér möguleika á öflugum, gagnvirkum samskiptum skólans við atvinnulífið. Umrætt frumvarp um Tækniháskóla Íslands tryggir ekki slíkt.

Virðingarfyllst,



Halldór Grönvold,  
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ